

162. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

Stjórnarfundur haldinn í Fjölheimum 11.02.2025 kl. 16.30

Mættir: Hulda Kristjánsdóttir formaður, Halldóra S. Sveinsdóttir, Ester Ýr Jónsdóttir, Magðalena Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Valdimar Hafsteinsson boðaði forföll.

1. Rekstraráætlun fyrir árið 2025. (*Áður á dagskrá á boðuðum fundi 19.12.24 sem féll niður*)

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstraráætlun fyrir árið 2025 en til stóð að taka hana fyrir á fundi í desember sem féll niður. Það stefnir í að árið 2024 verði hallalaust og er það breyting frá fyrri árum. Stærsta breytingin er fækkun stöðugilda þar sem ekki hefur verið ráðið að fullu í þau stöðugildi sem hafa dottið út á undanfarið. Ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á launalið árið 2025. Stjórn fagnar jákvæðum horfum fyrir árið 2024 og þeim viðsnúningi sem náðst hefur í rekstri Fræðslunetsins.

2. Húsnæðismál

Farið var yfir húsnæðismál Fræðslunetsins. Nýlega var gerður nýr samningur við Sveitarfélagið Árborg til tveggja ára um núverandi húsnæði á Selfossi eða til ársloka 2026.

Gerð var markaðskonunnun um framtíðarhúsnæði í lok árs 2024 en einungis eitt fyrirtæki skilaði inn tillögum. Haldinn var fundur 13. janúar þar sem fulltrúar þátttakenda verkefnisins áttu fulltrúa og farið yfir tillöguna. Ákveðið var að funda aftur með hópnum en á milli funda var ráðgjafa verkefnisins falið að vinna í nokkrum atriðum.

3. Starfsmannamál

Vegna uppsagnar starfsmanns liggur fyrir að ráða þarf nýjan starfsmann í 100% stöðu námsráðgjafa frá 1. maí. Þá samþykkir stjórn að ekki sé þörf á að ráða staðgengil framkvæmdastjóra að svo stöddu.

4. Sameiningarmál

Vegna erindis stjórnar Háskólafélags Suðurlands til stjórnar Fræðslunetsins dags. 30. maí 2023. Stjórn Fræðslunetsins samþykkir samhljóða að falla alfarið frá sameiningarhugleiðingum Háskólafélags Suðurlands og Fræðslunetsins að svo stöddu vegna óvissu í starfsumhverfi þess.

5. Önnur mál

- i. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu fréttir úr starfsemi Fræðslunetsins.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:30

Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð